

Fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 30. apríl kl. 17:05 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Árni Davíð Haraldsson, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Agnar Jónsson (sem áheyrnarfulltrúi fyrir hönd M-lista) og Hilma Steinarsdóttir. Einnig sat fundinn Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 01.04.08 (Lögð fram)
- Byggðaráð 18.04.08 (Lögð fram)
- Landbúnaðarnefnd 14.04.08

Vegna hugmynda um göngu- og reiðleiðafriðland á hálendi Norðausturlands telur hreppsnefnd Langanesbyggðar nauðsynlegt að sveitarfélögin á svæðinu samræmi stefnu sína í málinu. Sveitarstjóra falið að koma þessari skoðun á framfæri og kanna hvort ástæða sé til þess að fulltrúar sveitarfélaganna (Vopnafjarðarhreppur, Langanesbyggð, Svalbarðshreppur og Norðurþing) hittist sérstaklega vegna málsins.

Vegna bókunar um refa- og minkaveiðar kom fram að þegar hefði verið rætt við þá aðila er annast eyðingu á vegum sveitarfélagsins og viðeigandi áherslum komið á framfæri.

Í samræmi við ábendingu landbúnaðarnefndar er sveitarstjóra falið að láta útbúa bækling með niðurstöðum atvinnuáráðstefnunnar frá því í upphafi ársins til dreifingar inn á hvert heimili í sveitarfélaginu.

Fundargerð samþykkt samhljóða

- Atvinnuáráðnefnd 17.04.08

Sveitarstjóra falið að koma bókun nefndarinnar varðandi göngu- og reiðleiðafriðland á framfæri við nágrannasveitarfélögin.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Landbúnaðarnefnd 22.04.08

Vegna bókunar nefndarinnar varðandi meindýraeyðingu telur hreppsnefnd Langanesbyggðar ástæðu til að vekja athygli á því að með núverandi áherslum á vegum sveitarfélagsins er gengið mun lengra í eyðingu minka og refa, á kostnað sveitarfélagsins, en í mörgum öðrum sveitarfélögum. Rétt er þó að skoða hvort að áhrifaríkustu aðferðum er beitt og telur hreppsnefnd æskilegt að Landbúnaðarnefnd leiti álits utanaðkomandi sérfræðinga varðandi þann þátt. Einnig kom fram að við sjá veiðifélög alfarið um eyðingu upp með ám án kostnaðarþátttöku viðkomandi sveitarfélaga.

Vegna samþykktar nefndarinnar um Fagranesveg er sveitarstjóra falið að fara með landbúnaðarnefnd yfir ráðstöfun styrkvegaffjár með tilliti til forgangsmála. Æskilegt er að fá sem fyrst áherslur nefndarinnar vegna nýrra umsókna til viðhalds styrkvega.

Vegna bókunar um veggirðingar kom fram að þegar liggja fyrir erindi til Vegagerðar og Alþingis varðandi fjárveitingar til framkvæmdanna í tengslum við nýlagningu vegar um Brekknaheidi. Samþykkt að óska eftir því við Vegagerð að sem fyrst verði hafist handa við girðingu vega á milli Bakkafljóðar og Þórshafnar.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd 28.04.08

Vegna bókunar um erindi frá vélhjólaklúbbi á Þórshöfn kom fram að von væri fljótlega á tillögu frá hönnuðum aðalskipulags sveitarfélagsins varðandi staðsetningu.



Sveitarstjóra falið að óska eftir því við Vegagerðina að ristarhlið á Fjarðarvegi verði fjarlægð hið fyrsta og að hraðahindrunum verði fjölgað í þess stað.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing – Stjórnarfundur 28.03.08
- Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra 109. fundur 02.04.08
- Samráðsfundur fámennra sveitarfélaga 03.04.08
- Samband Íslenskra sveitarfélaga – Landsþing 04.04.08
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga 21.04.08
- Menningarmiðstöð Þingeyinga 21.04.08

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína.

- **Heilbrigðisþjónusta í Langaneybyggð**

Vegna athugasemda sem komið var á framfæri við forráðamenn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga eftir hreppsnefndarfund 01.04.08 upplýsti sveitarstjóri að samkvæmt upplýsingum frá HÞ væri búið að auglýsa eftir hjúkrunarfræðingi til starfa á Þórshöfn. Einnig kom fram að upplýst hefði verið að tækjakostur á Þórshöfn væri í góðu lagi þó að hann væri að hluta til kominn til ára sinna.

4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis – Uppsögn húsaleigusamnings á Bakkafirði.
Hreppsnefnd harmar að forráðamenn sparisjóðsins skuli ekki sjá sér fært að verða við ósk hreppsnefndar um áframhaldandi starfsemi á Bakkafirði.

Til afgreiðslu:

- Úrvinnslusjóður – Breytt fyrirkomulag varðandi greiðslu fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum.

Sveitarstjóri kynnti málið og kom fram m.a. að í samræðum hans við framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs hefði komið fram að skilningur væri á því hjá stofnuninni að líklega þyrfti að koma á mótis við minni sveitarfélögin með einhverjum hætti vegna þessara breytinga.

Hreppsnefnd Langaneybyggðar lýsir furðu sinni á þeirri ákvörðun stjórnar Úrvinnslusjóðs að breyta gjaldskrá þannig að greiðslur vegna veigamikilla vörflokka, s.s. sléttis pappírs, lækka stórlega. Í ljósi mikilla kostnaðarhækkana á undanförunum mánuðum er ákvörðunin illskiljanleg og ekki til þess fallin að hvetja sveitarfélög til metnaðarfullra áforma í meðferð úrgangs. Ákvörðunin um að fella niður söfnunarstöðvargjald setur þegar gerða samninga á milli sveitarfélaga og þjónustuaðila í uppnám og er stjórn Úrvinnslusjóðs hvött til að taka þá ákvörðun til endurskoðunar, einkum með tilliti til fámennra sveitarfélaga á landsbyggðinni. Harmað er að ekki skuli hafa verið haft viðtækt samráð við sveitarfélögin áður en framangreind ákvörðun var tekin.

Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri auk þess að taka upp viðræður við þá aðila sem samið hefur verið við í tengslum við áform um flokkun úrgangs í Langaneybyggð.

- Sjávar- og landbúnaðarráðuneytið – Auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2007/2008.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og kynnti umsókn um byggðakvóta er send hefur verið ráðuneytinu.

- Kraftur í kringum Ísland - Styrkbeiðni.

Samþykkt að styrkja framtakið um kr. 10.000,- auk þess að bjóða ferðalöngunum upp á fæði og gistingu er þeir hafa viðkomu á Þórshöfn dagana 26. – 27. júní nk.

- Landgræðsla ríkisins – Styrkbeiðni vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.
Samþykkt að styrkja verkefnið um umbeðnar 13.500,- kr.
- Félag áhugamanna um akstursíþróttir á Bakkafirði – Mótorkrossbraut á Bakkafirði.
Samþykkt að taka undir bókun umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar varðandi erindið. Sveitarstjóra falið að óska eftir frekari upplýsingum s.s. varðandi staðsetningu o.fl. og skal umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd taka málið til umsagnar á ný áður en það kemur til endanlegrar afgreiðslu hreppsnefndar.
- Boði Stefánsson – Minkaleit fyrir árið 2008.
Samþykkt að vísa erindinu til landbúnaðarnefndar til umsagnar.
- Alþingi – Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.
Erindinu vísað til félags- og barnaverndarnefndar Þingeyinga til afgreiðslu.
- Fjallalamb hf. – Aðalfundur 03.05.08.
Samþykkt að Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra, fari með atkvæði Langanesbyggðar á aðalfundi Fjallalambs laugardaginn 3. maí nk.
- Tækifæri hf. – Aðalfundur 06.05.08.
Samþykkt að senda ekki fulltrúa á aðalfund Tækifæris þriðjudaginn 6. maí nk.
- Samorka – Vorfundur 22. – 23.05.08.
Samþykkt að gefa forstöðumanni þjómustumiðstöðvar kost á að sækja vorfundinn.

5. Verkefnaáætlun maí – ágúst 2008.

Verkefnaáætlun lögð fram kynnt og rædd.

Fundargerð samþykkt samhljóða.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.43

B. M. L.
Hjón 21.25.08
Sigurður S.
Aðfangið þess
Hilma Steingard.
Jóni Einar Haraldsson
Gjafirgjafi.
B. M. L.
Jóhanna Helgadóttir